

Sb.

144. Tillaga til þingsályktunar

[107. mál]

um afurðalán vegna garðávaxta.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson,
Karl Kristjánsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd.

Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á undanförunum árum hefur Seðlabankinn veitt lán fyrir fram út á sauðfjárafurðir, allt að tveimur þriðju hlutum af áætluðu söluverði afurðanna. Þessi lán bæta að miklum mun fjárhagsaðstöðu framleiðenda og þeirra fyrirtækja, sem annast sölu afurðanna, og eru nauðsynleg, þar sem rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur á verzlunarfyrirtækin og færast í reikninga bænda aðallega á fyrri hluta árs, en sauðfjárafurðir koma ekki á markað fyrir en að hausti og greiðast ekki að fullu, fyrir en jafnóðum og sala fer fram til neytenda.

Framleiðsla landbúnaðarafurða þarf að vera sem fjölbreyttust. Garðávextir eru ein af þeim tegundum matvæla, sem þjóðina má ekki skorta. En um framleiðslu þeirra og sölu gildir hið sama og sauðfjárafurðir. Þrátt fyrir það hafa ekki verið veitt afurðalán út á garðávexti. Hér er lagt til að breyta þessu þannig, að eftirleiðis verði veitt lán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.“